

FRÁSÖGN

af stofnfundi sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins í
Þjóðmenningarhúsinu 5. október 2010

Stofnfundur sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins fór fram í Reykjavík 5. október sl. Af hálfu sendinefndar Alþingis gagnvart hinni sameiginlegu nefnd sóttu fundinn Árni Þór Sigurðsson formaður, Valgerður Bjarnadóttir varaformaður, Álfheiður Ingadóttir, Einar K. Guðfinnsson, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir. Fyrir hönd Evrópuþingsins sátu fundinn þingmennirnir Pat the Cope Gallagher formaður, Petru Luhan, Indrek Tarand, Søren Bo Søndergaard, Francesco Enrico Speroni og Cristian Dan Preda.

Ásta R. Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, flutti ávarp við upphaf fundarins og rakti samskipti Alþingis og Evrópuþingsins undanfarin ár. Ásta sagði hina sameiginlegu þingmannanefnd marka þáttaskil í samskiptum þinganna og vera mikilvægan þátt í aðildarviðræðuferli Íslands og Evrópusambandsins. Nefndarmenn í hinni nýju nefnd munu eiga beinar og milliliðalausar viðræður jafnt við íslensk stjórnvöld og stofnanir Evrópusambandsins og því er nefndin mikilvægur vettvangur þingmanna til að rækja eftirlits- og samráðshlutverk sitt meðan á umsóknarferlinu stendur. Árni Þór Sigurðsson og Pat the Cope Gallagher, sem sinna sameiginlega formennsku í nefndinni, lögðu í sínum ávörpum áherslu á að á vettvangi nefndarinnar hefðu þingmenn Alþingis og Evrópuþingsins möguleika á að ræða um hvaðeina sem viðkemur komandi aðildarviðræðum eða samskiptum Íslands og Evrópusambandsins og senda frá sér tilmæli til stjórnvalda í Reykjavík og Brussel.

Í sérstökum dagskárlið var fjallað um stöðu aðildarumsóknar Íslands að ESB og voru frummælendur þeir: Óssur Skarphéðinsson utanríkisráðherra, Christian Monnoyer, fulltrúi formennsku Belga í ráðherraráði ESB, og Timo Summa, fulltrúi framkvæmdastjórnar ESB.

Christian Monnoyer sagði Ísland vel undir aðildarviðræður búið enda hefði stór hluti löggjafar ESB þegar verið innleiddur hérlendis og undirbúningur ESB fyrir viðræður tæki mið af því. Þó væri ljóst að Ísland þyrfti að ráðast í breytingar á löggjöf á nokkrum sviðum og nefndi Monnoyer sjávarútveg, landbúnað og frjálsa fjármagnsflutninga í því sambandi.

Timo Summa nefndi í máli sínu umræðu á Íslandi um aðlögun að ESB fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild og sagði að í einhverjum geirum þyrfti að huga að nýjum ferlum en að ESB mundi aðstoða við kostnað. Þá sagði hann að von væri á fyrstu skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um framgang aðildarumsóknar Ísland 9. nóvember nk. og vænti þess að þar yrði tónninn jákvæður. Íslensk stjórnvöld hefðu þegar brugðist við ábendingum í álit framkvæmdastjórnarinnar frá 24. febrúar og gert umbætur á skipan dómara. Þá benti Summa á að Icesave-deilan væri enn óleyst og að lausn á henni, sem væri öllum deiluaðilum hagfelld, mundi hafa jákvæð áhrif á aðildarferli Íslands. Að lokum ræddi Summa sjávarútvegsmál og sagði ljóst að þó að Ísland gæti haft jákvæð áhrif á sameiginlega fiskveiðistefnu ESB þá væri hin sameiginlega stefna grunnur samningaviðræðanna. Ljóst væri að á sviði sjávarútvegs yrði m.a. tekist á um takmarkanir á erlendar fjárfestingar og hvalveiðar í komandi samningaviðræðum.

Óssur Skarphéðinsson sagði ljóst að fiskveiðar yrðu erfiðasta málið í aðildarviðræðum við ESB en sagðist bjartsýnn þar sem stækkunarsaga sambandsins sýndi að það væri sveigjanlegt gagnvart brýnum þjóðarhagsmunum umsóknarlanda. Yfirstandandi endurskoðun sameiginlegrar fiskveiðistefnu ESB gæfi enn fremur tilefni til bjartsýni en í grænbók framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðunina væri að finna athyglisverðar hugmyndir um valddreifingu frá Brussel til einstakra landsvæða hvað varðar stjórn fiskveiða. Taka yrði sérstakt tillit til einstakra aðstæðna á Íslandi líkt og tekið var tillit til landbúnaðar á norrænum svæðum við inngöngu Finnlands og Svíþjóðar í Evrópusambandið. Íslenska fiskveiðilögsagan á hvergi

landamæri að lögsögu ESB-ríkjanna og eru flestir fiskistofnar staðbundnir en ekki deilistofnar. Taka þyrfti tillit til þess og finna lausn á því hvernig Ísland gerist aðili að sameiginlegu fiskveiðistefnunni, t.d. með því að gera Norður-Atlantshafið að sérstöku fiskveiðisvæði.

Í umræðunum sem fylgdu framsögunum lagði Cristian Dan Preda, sérstakur fulltrúi utanríkismálanefnar Evrópuþingsins varðandi málefni Íslands, áherslu á að frekari umbætur þyrfti í takt við álit framkvæmdastjórnar ESB um aðildarumsókn Íslands, m.a. er varðar rétt ESB-borgara til þátttöku í sveitastjórnarkosningum. Þá greindi Preda frá andstöðu Evrópuþingsins við hvalveiðar sem fram kom í ályktun þingsins um aðildarumsókn Íslands frá júlí sl. Søren Søndergaard benti á að í aðildarsamningum ESB-ríkja væri fjöldi af sérlausnum og undanþágum, og nefndi sem dæmi að Bretland og Írland stæðu utan Schengen, Danmörk utan öryggis- og varnarmálasamvinnunnar og evrunnar, og velti fyrir sér hvort Ísland ætlaði að fara fram á varanlegar undanþágur. Þá spurði Søndergaard hvort sérstök bókun yrði gerð í aðildarsamningi um herleysi Íslands. Valgerður Bjarnadóttir ræddi nauðsyn aukinna upplýsinga um ESB en nýleg skoðanakönnun hefði sýnt að almenningur teldi sig vita lítið um sambandið.

Fiskveiðistefnur Íslands og Evrópusambandsins voru sérstakur dagskrárliður og fluttu Einar K. Guðfinnsson og Pat the Cope Gallagher framsögur. Einar fór yfir fiskveiðistjórnunarkerfið á Íslandi og lagði áherslu á árangur þess í að viðhalda fiskistofnum jafnhliða hagkvæmum veiðum sem væru hryggjarstykkið í efnahagslífi Íslendinga. Þá greindi hann frá störfum nefndar um endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfisins. Gallagher kvaðst vonast eftir að yfirstandandi endurskoðun sameiginlegrar fiskveiðistefnu ESB leiddi til þess að ákvörðunarvald færðist til einstakra landsvæða og sagðist jafnframt þeirrar skoðunar að sérstakt tillit bæri að taka til smærri eyríkja í stefnunni. Þorgerður K. Gunnarsdóttir sagðist tilheyrja minni hluta innan Sjálfstæðisflokksins sem vildi leiða aðildarsamningaferlið til lykta en stór hluti flokksins vildi draga umsóknina til baka. Hún kvað óvissu ríkja um framtíðarstefnu ESB í fiskveiðum og jafnframt um hvernig fiskveiðimálin mundu þróast í aðildarviðræðum. Niðurstaða aðildarsamnings um fiskveiðar mun mestu máli skipta þegar metið verður hvort hagsmunum Íslands sé betur borgið innan ESB en utan.

Þá var efnahagsstaðan á Íslandi til umræðu og flutti Már Guðmundsson seðlabankastjóri framsögu. Már fór yfir rætur yfirstandandi fjármálakreppu, viðbrögð stjórnvalda, samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og batahorfur næstu ára. Valgerður Bjarnadóttir gerði því næst grein fyrir fjárlagafrumvarpinu sem hún sagði pólitískt mjög erfitt vegna mikils niðurskurðar. Í niðurskurðinum væri reynt að hlífa efnaminni heimilum, t.d. með skattahækkunum síðasta árs. Þá fjallaði Petru Luhan um „Evrópa 2020“ stefnuna sem ætlað er að tryggja sjálfbæran hagvöxt til langtíma í álfunni.

Orkumál voru næst tekin til umfjöllunar og fór Sigmundur Davíð Gunnlaugsson yfir stöðuna í orkubúskap Íslendinga auk þess að rekja sögulega þróun orkuframleiðslu landsmanna. Hlutur endurnýjanlegrar orku er með því hæsta sem þekktist, eða um 80%, og í því felst mikill sparnaður, jafnt fjárhagslega sem fyrir umhverfið. Petru Luhan sagði orkumál eitt forgangssviða „Evrópu 2020“ stefnunnar og að miklir möguleikar væru á að skapa störf innan græna orkugeirans.

Loks var fjallað um norðurslóðamál. Þórunn Sveinbjarnardóttir sagði pólitíska samstöðu allra flokka ríkja um að málefni norðurslóða væru eitt af forgangsmálum íslenskrar utanríkisstefnu. Loftslagsbreytingar á norðurskautinu væru hraðari og meiri en annars staðar í heiminum og því fylgdu jafnt áskoranir sem tækifæri. Fyrirsjáanlegt er að auðlindanýting á norðurslóðum og siglingar aukist mjög á næstu árum en það þarf að gerast á sjálfbæran hátt svo að viðkvæmum vistkerfum verið ekki ógnað.

Í lok fundar voru drög að sameiginlegri ályktun um aðildarviðræður Íslands og Evrópusambandsins tekin fyrir. Einar K. Guðfinnsson kvaðst hafa alvarlegar athugasemdir við svo marga þætti í drögunum að hann mundi ekki taka þátt í afgreiðslu þeirra og vék hann af fundi. Í umræðum um drögin voru gerðar á þeim tvær breytingar og var ályktunin því næst samþykkt samhljóða.